

47. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 9. apríl 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Frá síðasta fundi í mars er árshátíð lokið og gekk hún vel, til skoðunar eru möguleikar á breyttu fyrirkomulagi á næsta skólaári.

Skíðaferð 7. bekkjar hefur verið frestað vegna mikilla veikinda nemenda bekkjarins og er hún fyrirhuguð á næsta skólaári. Þá verður væntanlega farið í menningarferð 5. bekkjar fljótlega eftir páska.

Farið er að huga að skólalokum og er m.a. í farveginum að setja upp skólasýningu eins og hefur verið gert annað hvert ár.

10. bekkingar þreyta samræmd próf fljótlega eftir páska og gengur lokaundirbúningur fyrir þau vel.

Skyndihjálparnámskeið fyrir nemendur 10. bekkjar ásamt starfsþjálfun í kjölfar á samræmdum prófum er í lokaundirbúningi.

Vorskóli hefst 19. maí nk. og mun Helga Sveinsdóttir tilvonandi umsjónarkennari nk. 1. bekkjar standa að því að taka á móti nýjum nemendum ásamt fleirum.

Skólaslit verða 4. júní nk.

Næsta skólaár munu tveir starfsmenn láta af störfum við skólann, Sigurbjörn I. Þórðarson, kennari hverfur til annarra starfa og Nanna Einarsdóttir, stuðningsfulltrúi hverfur aftur til starfa í leikskólanum. Skólinn er þó fullmannaður fyrir næsta skólaár.

Skóladagatal fyrir næsta skólaár er í vinnslu.

Einn kennari er í veikindaleyfi og verður svo út skólaárið. Tekist hefur að manna forfallakennslu vegna þess.

Að lokinni skýrslu sinni svaraði skólastjóri framkomnum fyrirspurnum.

Spurt var um möguleika á breytingu á tímasetningu árshátíðar, þar sem veikindi setja oft strik í reikninginn á þessum árstíma.

Spurt var út í gang Olweus verkefnisins. Skólastjóri lagði fram yfirlit yfir fræðslufundi um verkefnið sem verða fyrir foreldra og nemendur 8.–10. bekkja grunnskólans í þessari viku. Í öðrum bekkjum munu umsjónarkennarar sýna nemendum leikið myndband á skólatíma og ræða við nemendur um efni þess. Hvernig foreldrar þeirra nemenda koma að verkefninu mun verða auglýst síðar.

- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum. Unnið er að skólalokum í leikskólanum. Ópið hús verður á sumardaginn fyrsta þann 24. apríl á milli kl. 11:00 og 13:00 og verður það auglýst þegar nær dregur. Útskrift elstu barnanna verður í lok maí í kjölfar á vorskólanum. Endur- og símenntunarvinna hefur verið í gangi í leikskólanum í samvinnu við aðra leikskóla á Snæfellsnesi. Innifelur það m.a. starfsmannaskipti á milli skóla. Svar er komið vegna umsóknar til menntamálaráðuneytis um styrk vegna sameiginlegs tónlistarverkefnis leikskóla og tónlistarskóla og grunnskóla og var úthlutað styrk að fjárhæð kr. 100.000. Einn starfsmaður er á leið í stuðningsfulltrúanám, ein er í leikskólakennaranámi og ein á leið í nám í Kennaraháskólanum. Fimm leikskólakennarar starfa nú við leikskólann. Haustið er að byrja að taka á sig mynd. Líklega verður fækkun um einn starfsmann í leikskólanum og ræstingar breytast í dagvinnustarf frá 1. maí nk.

Að lokinni skýrslu sinni svaraði leikskólastjóri framkomnum fyrirspurnum.

Fram kom ánægja með símenntunarvinnuna í leikskólanum.

Fræðslunefnd óskar leikskólanum til hamingju með styrkinn til samstarfsverkefnisins.

2. Önnur mál.

- a) Gunnar greindi frá því að hann hafi átt fund með skólastjóra Tónlistarskólans í dag þar sem skólastjórnir fóru yfir prófaplan nemenda nú í lok skólaársins til hægðarauka fyrir nemendur og foreldra.
- b) Rætt var um Framhaldsskóla Snæfellinga og stöðu mála.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:10.
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Egill V. Benediktsson (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Margrét Thorlacius (sign.),
Unnur Breiðfjörð (sign.),
Katrín Pálsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Kristín Sigurðardóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),
Björn Sverrisson (sign.).

